

65

22. apríl

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkahreppi, nr. 142
8. ágúst 1939.

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Almenna helgidaga og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar.

Sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúir lokaðar kl. 12 á hádegis, ef þessa daga ber ekki upp á helgan dag.

2. gr.

Breyting þessi öðlist gildi þegar í stað.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

66

22. apríl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkaupþúns,
nr. 45 10. júní 1938.

1. gr. II. flokkur, 2. málsgrein gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir vatnssalerni greiðist	kr. 2.00	árlega
— hvern nautgrip greiðist	— 5.00	—
— — hest greiðist	— 2.50	—
— hverja sauðkind greiðist	— 0.25	—

Þó skal vatnsskattur aldrei vera lægri en 10 krónur af hverju gripahúsi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923, til þess að öðlast gildi 1. maí 1942, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.